

STEPHAN G. STEPHANSSON OG ÍSLENSKT ÞJÓÐERNI

Alltof lengi hefir dregist fyrir mér að þakka hinu ágæta skáldi fyrir síðustu bindin af kvæðabók hans, þar sem hann hefir svo fallega kveðið um Nýal, og gert þeim erfiðara fyrir, sem þegja vilja mig eða ljúga dauðan, er hvorttveggja hefir reynt verið. Annars ætla ég ekki á kvæðin að minnast, heldur nokkuð á skáldið sjálft. Spyrja vil ég Íslendinga vestanhafs. Muna þeir eftir að segja samlöndum sínum, sem ekki eru íslenskir, að Stephan G. er eitt af merkustu skáldum hins breska heimsríkis? Og gæta menn nógu vel að þýðingu þessa manns fyrir varðveitingu íslensks þjóðernis í Ameríku? Mér er til efs að svo sé. Eins og nú horfir, virðist íslenskt þjóðerni þar vestra dauðadæmt, þrátt fyrir drengilegar þjóðræknistilraunir. Það er engin leið að varðveita þjóðerni og tungu, ef einungis á að byggja á endurminningum þeirra sem héðan hafa komið og tilfinningum þeirra gagnvart „gamla landinu“. Til þess að íslenskt þjóðerni ekki líði undir lok þar vestra, verður að vera unnt að sýna fram á að það hafi einhverja sérstaka þýðingu fyrir Vesturheim og víðar. Og að vísu má nú einmitt sýna að svo er. Hin íslenska þjóð hefir einmitt sérstaka þýðingu. Og þar getur orðið til að greiða fyrir skilningi, að benda á mann eins og Stephan G. Stephansson, manninn sem varð einn af hinum fremstu í bókmenntum sinnar þjóðar, þó að hann færi ungur af ættjörðu sinni og yrði að brjótast í að hafa ofan af fyrir sér í annarri heimsálfu með landnámi og líkamlegu erfiði. Ég veit ekki hvort slíks eru dæmi um annarra þjóða menn, en þó einhver væru, þá eru þau að minnsta kosti svo fá, að bókmenntaverk Íslendingans ætti að geta orðið mönnum hjálp til að fá réttan skilning á hinni íslensku þjóð.

4. sept. '25.